



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 21. nóvember 2006

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd þriðjudaginn 21. nóvember kl. 16,00 að Hnjúkabyggð 33. Á fundinn var einnig boðuð stjórn Hestaeigendafélags Blönduósbæjar. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Álagning fjallskila.

Fram kom að óánægja hefur verið meðal hrossaeigenda innan þéttbýlisins vegna gjaldtöku fyrir fjallskil. Gauti Jónsson áréttaði að þeir sem greiða fjallskil, greiða þau fyrir rétt til upprekstrar og er frjálst að reka sín hross á afrétt. Fram kom að lagt er á framtalinn hross og unghross skv. forðagæsluskýrslu.

Hrossaeigendum í þéttbýlinu sviður að greiða þetta gjald ásamt því að greiða fyrir beitilönd annars staðar.

Ástæða þess að álagningu fjallskila var breytt var sá, að illa gekk að framkvæma talningu hrossa sem rekin voru á afrétt.

Í fjallskilareglugerð er heimild til að leggja á öll stóðhross í sveitarfélaginu eins og lagt er á allt sauðfé. Hrossin sem rekin eru á afrétt hefur fækkað mikið og því er komið til þess að það þarf að fullnýta tekjustofna fjallskilasjóðs, til að standa straum af kostnaði við fjallskil.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Gauti Jónsson
Þórður Pálsson
Sigríður Alda Björnsdóttir
Ragnar Ingi Tómaasson
Þórólfur Óli Aadnegard

Anna Margrét Jónsdóttir